



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 Reykjavík

Sauðárkróki 15. desember 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu. Þingskjal 621, 535. mál.

Byggðastofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028.

Byggðastofnun tekur undir framtíðarsýn, meginmarkmið og lykilviðfangsefni tillögunnar. Hér á eftir er það helsta sem stofnunin vill sérstaklega koma á framfæri varðandi þingsályktunartillöguna.

Undir markmiði A, tölulið 5 í áherslu A.3. segir m.a. „... þar á meðal við ákvarðanir um ráðstöfun lands undir mannvirki ræktun og byggð“. Stofnunin telur mikilvægt að gott ræktarland verði varðveitt og því ekki ráðstafað til annarra nota nema í undantekningartilfellum, sbr. áherslu C.8. um nýtingu landbúnaðarlands og tölulið 5 í áherslu B.2. og aðgerð 14 *Skipulag í dreifbýli*. Undir markmiði A má einnig taka undir margt sem m.a. snýr að endurheimt landgæða, að framkvæmdir falli sem best inn í landslag, loftslagsmálum og orkuskiptum.

Stofnunin telur að víða í dreifbýli sé nær ómögulegt að fylgja eftir tölulið 3 undir áherslu A.2. þ.e. að „Í skipulagi í dreifbýli verði, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur.“ Víða er um verulegar vegalengdir að ræða sem draga úr að notkun virks ferðamáta sé þar raunhæfur kostur og þá er strjálbýli oft það mikið að kostnaður við hefðbundnar almenningssamgöngur með viðunandi tíðni verða að teljast þar óraunhæfar.

Áhersla B.1. um að skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að lofslagsbreytingum og aðgerð 1. *Mótun verkferla og leiðbeininga fyrir aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga* er í samræmi við aðgerð C.10 í gildandi byggðaáætlun „Áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélög“. Þar er markmiðið að móta heildræna nálgun á aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga í byggðum landsins. Verkefnið, sem hafið er og byggir á aðgerðinni, er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Veðurstofu Íslands, umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins, Skipulagsstofnunar og fimm íslenskra sveitarfélaga en markmið



verkefnisins er að skapa skýran farveg og ferla fyrir íslensk sveitarfélög þegar kemur að aðlögunaraðgerðum vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Tekið er sérstaklega undir tölulið 6 í áherslu B.2. þar sem segir að „í skipulagi verði stuðlað að búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu, húsnæði og fjölbreyttum atvinnutækifærum.“ Þessi áhersla er í samræmi við framtíðarsýn og meginmarkmið í gildandi byggðaáætlun, áherslu á að opinber grunnþjónusta verði skilgreind í lögum og hvernig réttur til hennar verði tryggður óháð búsetu og aðgerð A.15 um opinbera grunnþjónustu og jöfnun aðgengis. Í samræmi við þetta er einnig töluliður 7 í áherslu B.4. þar sem segir að „miðað verði við að sem flestir íbúar komist í næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund.“

Bygðastofnun tekur að lokum undir áherslu B.5. um að skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja öryggi. Stofnunin bendir á að skipulagsákvæðanir varðandi fjarskiptainnvíði eru bæði öryggis- og lífsgæðamál en sums staðar í dreifbýli og á vegum landsins er farsímasamband ekki fullnægjandi. Þá er lögð áhersla á að raforkumannvirki tryggi örugga afhendingu nægilegrar raforku en það er ein af forsendum þess að kolefnishlutleysi og orkuskipti gangi eftir sbr. t.d. aðgerð 7 *Samspil skipulagsáætlana og orkuskipta*.

Virðingarfyllt
f.h. Bygðastofnunar

Arnar Már Elíasson
forstjóri

Sigurður Árnason
sérfræðingur á þróunarsviði